

## Kona þriggja eyja - ævisaga Ásu Guðmundsdóttur Wright

**Bókarhöfundur:** Inga Dóra Björnsdóttir

**Bókarheiti:** Kona þriggja eyja – ævisaga Ásu Guðmundsdóttur Wright

**Gagnrýnandi:** Silja Bára Ómarsdóttir, aðjúntkt í alþjóðasamskiptum

**Útgáfa:** Forlagið, Reykjavík 2009, 291 bls.

**Í umsögn gagnrýnanda kemur meðal annars eftirfarandi fram:** *"Frásögn Ingu Dóru af lífi Ásu Guðmundsdóttur Wright er lifandi og skemmtileg. .. Hún nálgast aðalpersónuna af virðingu en skapar enga helgimynd af henni. ..Hún nær að sýna bæði sköndu hliðarnar á henni, lýsingar af samlífinu við dýraríkið á Trínidad eru jafnfyndnar og lýsingar á samskiptum við þjónustufólkið í Englandi er framandi. Mikil rannsóknarvinna liggur að baki bókinni, enda eru nær fjórutíu ár frá því Ása lést og ekki margir á lífi sem eiga minningar um hana."*

### ÆVINTÝRI ÁSU WRIGHT

Íslensk ævintýri byrja gjarnan á því að segja frá þremur systurum að nafni Ása, Signý og Helga. Það er ekki ólík upplifun að lesa þessi ævintýri og detta inn í veröld Ásu Guðmundsdóttur Wright, sem sigraði heiminn á sinn hátt og sá meira af honum en margar konur af hennar kynslóð. Inga Dóra Björnsdóttir segir sögu Ásu og byggir á rannsóknum á skjala- og bréfasöfnum, viðtölum við fólk sem þekkti Ásu, og heimsóknum á staði þar sem hún bjó. Bókin skiptist í þrjú hluta, Ísland, England og Trínidad, þar sem Ása lést á gamals aldri árið 1971. Bókin er skemmtileg aflestrar og gefur lifandi mynd af Ásu og umhverfi hennar. Hún nálgast aðalpersónuna af virðingu en skapar enga helgimynd af henni. Ása birtist sem greind, skapmikil, fljótfær og undir lokin næstum vænisjúk. Sem eina barn foreldra sinna sem lifði fram yfir þrítugt var henni mikið í mun að fjölskyldu hennar yrði minnst og stofnaði minningarsjóði í hennar nafni, en þessir sjóðir hafa nýst íslensku fræðasamfélagi fram á daginn í dag.

Ása var læknaðóttir frá Íslandi og vel ættuð. Fyrstu ár hennar endurspeglar baráttu sem hófst á Íslandi á þeim tíma, fyrir jöfnum rétti kvenna til menntunar. Ása naut ekki góðs af þeim rétti þar sem móðir hennar taldi betur hæfa ungum stúlkum að læra heima. Þetta kann að hafa haft meiri áhrif á hana en ætla mátti, því þegar hún kom til Englands langaði hana að afla sér menntunar. Hins vegar var ekki í boði að sækja háskóla án þess að hafa lokið formlegu grunnnámi. Hjúkrunarnám varð því fyrir valinu, þótt Ása hafi ekki lokið því heldur gengið í hjónaband – en í Bretlandi máttu hjúkrunarkonur ekki vinna ef þær giftu sig.

Ása lagði ung land undir fót, flutti milli staða á Íslandi með foreldrum sínum og tengdist einkum Stykkishólmi, þar sem hún starfaði með kvenfélaginu á staðnum. Hún fór svo til Englands til að læra ensku og góða siði. Hún birtist þarna sem frekar þóttafull, vildi halda fast í reglur breskrar stéttaskiptingar þótt ólíklegt hjóti að teljast að hún hafi þekkt það fyrirkomulag að heiman. Í Englandi datt hún inn í heim tignarfólks og gekk m.a. fyrir konung. Sagan af því sýnir vel hvatvísi Ásu og gefur besta mynd af ritfærni höfundar og næmi hennar fyrir viðfangsefni sínu. Strangar reglur giltu um klæðaburð ungra kvenna sem fengu að ganga fyrir konung – og flestar gengu þær í hjónaband skömmu eftir það – og Ása hafði safnað ansi lengi fyrir kjólnum. En þegar hún ætlaði að kaupa kjólinn rakst hún á þennan forkunnarspegl sem hún keypti sér frekar. Þá voru góð ráð dýr, og hún endaði á því að sauma sér kjól sjálf. Kjóllinn þótti einkar fallegur, en hann saumaði Ása úr gardínubútum sem hún snapaði hjá vinum sínum og er ekki laust við að Scarlett O'Hara og María Von Trapp komi upp í hugann við lestur þessarar sögu. Í London tók Ása þátt í kvenréttindabaráttunni, m.a. í kringum Wiltz-málið, þar sem lækni að nafni Elizabeth Wiltz neitaði að borga skatta þar sem hún fékk ekki að kjósa (bls. 67).

Þegar hér var komið sögu hafði Ása kynnst verðandi eiginmanni sínum, Bretanum Henry Newcome Wright. Hann var lögfræðingur en ævintýragjarn eins og hún. Þau fluttu saman til Cornwall, þar sem Wright rak hótél og þar stofnaði Ása kvenfélag eins og á Stykkishólmi. Wright hafði staðið fyrir byggingu lúxushótels á landareigininni. Þegar það stóð ekki lengur undir rekstri þurftu þau hjónin að yfirgefa landið. Félagsheimili kvenfélagsins hafði verið þar, en þegar Ása sá fram á að þurfa að yfirgefa staðinn tók hún sig til og stóð fyrir fjáröflun svo hægt væri að reisa félagsheimili fyrir kvenfélagið. Það stendur enn og hefur nýlega verið gert upp, eins og segir frá í bókinni. Í gegnum starf sitt hjá kvenfélaginu gaf Ása samfélagi sínu mikið, en hún gaf konunum í nágrenninu aðgang að allskyns nýmóðins upplýsingum, flutti inn fyrirlesara og þjálfaði þær í saumum og matargerð. Þarna tekst höfundur vel að sýna andstæðurnar í Ásu, en þrátt fyrir að virða stéttaskiptingu bresks samfélags

hikaði hún ekki við að starfa með konum úr öðrum stéttum – og nýtti sér félagsstörf til að finna sér félagsskap.

Ása og Newcome maður hennar áttu alltaf í stormasömu sambandi, en í seinni heimsstyrjöldinni ákváðu þau að leggja aftur land undir fót og flytja til Trínidad. Þau yfirgáfu England sumarið 1945, stoppuðu á Íslandi yfir sumarið og rétt áður en þau fara ákváð Ása að taka föður sinn með sér til Trínidad, en þá hafði hún ekki fengið svör frá umönnunarstarfsfólki á Grund. Þau voru því þrjú sem lögðu af stað, Ása rúmlega fimmtug, Newcome rúmlega sextugur og Guðmundur faðir Ásu rúmlega nířæður. Hann hafði áður flutt til Englands með móður Ásu en ekki kunnað vel við sig þar. Eflaust myndu margir í dag víla slíkt ferðalag fyrir sér, en þau þrjú sigldu til New York og þaðan suður á bóginn. Þá loksins hafði Ása ferðast nóg, en hún virðist ekki hafa yfirgefið Trínidad eftir að hún flutti þangað.

Manni virðist oft á ferðalögum sem Íslendinga megi finna hvar sem maður fer. Sama virðist hafa átt við í Karíbahafinu. Haraldur Sigurðsson eldfjallafræðingur heimsótti Ásu á Trínidad þegar hann vann þar að rannsóknum (bls. 243). Það sýnir vel hve Ísland (og heimurinn) er lítið, að bæði tengjast þau nú söfnunum á Stykkishólmi. Ása gaf fjölda bóka þangað og nú hefur Haraldur opnað þar eldfjallasafn. Ýmsir aðrir Íslendingar rötuðu í heimsókn til hennar, farmenn á skipum sem sigldu um heimsins höf og íslensk kona, Karítas Kristjánsdóttir, sem starfaði sem flugfreyja hjá PanAm flugfélaginu og varð góð vinkona Ásu.

Frásögn Ingu Dóru af lífi Ásu Guðmundsdóttur Wright er lifandi og skemmtileg. Hún nær að sýna bæði sköndnu hliðarnar á henni, lýsingar af samlífinu við dýraríkið á Trínidad eru jafnfyndnar og lýsingar á samskiptum við þjónustufólkið í Englandi er framandi. Mikil rannsóknarvinna liggur að baki bókinni, enda eru nær fjöru tíu ár frá því Ása lést og ekki margir á lífi sem eiga minningar um hana. Sagan er heillandi og fróðleg, en sú tilfinning situr þó eftir að handritið hefði mátt við aðeins meiri vinnu áður en bókin fór í prentun. Helst eru það endurtekningar í textanum sem hefði mátt þússa. Einna mest áberandi er að neðst á bls. 115 stendur um Ásu: „Síðustu ár hennar í St. Austell voru nær alfarið helguð byggingu kvenfélagsheimilisins.“ Svo á blaðsíðu 116 segir: „Næstu árin helgaði Ása sig byggingu félagsheimilisins.“ Þetta eru þó hnökror sem hægt er að líta framhjá, því konan sem Inga Dóra segir okkur frá er vel þess virði að kynnast.